

Sveitarfélagið Ölfus  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 26. nóvember 2018  
UST201811-129/A.B.  
10.04.03

**Efni:** Tillaga að deiliskipulag fyrir Þórustaði II í Ölfusi - Matfugl Þórustaðir

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Ölfus er barst 9. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Þórustaði II í Ölfusi.

Í greinargerð kemur fram að tilgangur skipulagsins er að staðsetja byggingareit fyrir tvö ný varphús sem munu rúma allt að 7.000 stofnhænur hvort og verða hvort um sig allt að 1.500 m<sup>2</sup> að stærð. Auk þess mun verða byggt 350 m<sup>2</sup> þjónustu- og eggjahús.

Í greinargerð segir einnig að þegar nýju alifuglahúsin verða komin í fulla starfsemi er fyrirhugað að hætta notkun á núverandi alifuglahúsi mhl 04 undir alifugla. Auk þess kemur fram að breytingar verða gerðar á notkun á núverandi alifuglahúsi mhl 09 en þar fer nú fram varp stofnfugla en því verður breytt í uppeldi fyrir allt að 3000 unghænur. Eftir stækkun verða því samtals á búinu 10.500 uppeldisstæði fyrir unghænur fyrst um sinn sem minnkar niður í um 5.000 uppeldisstæði þegar mhl 04 verður lagður af og allt að 25.000 varpstæði fyrir stofnhænur.

Auk þess segir að eftir stækkun verður samanlögð stærð alifuglahúsa á jörðinni allt að 7.350 m<sup>2</sup>

**Tímasetningar**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að framkvæmdin sé tímasett með tilliti til leyfisveitingar.

**Fráveita**

Í greinargerð segir að í deiliskipulagi eru skilmálar sem uppfylla m.a. þarfir um frárennsliskerfi með viðeigandi settanki með 15.000 lítra rúmmáli. Settankinum er ætlað að taka við og hreinsa frárennsli áður en því er veitt í fráveitukerfi.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála er, þar sem kæmi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert er ástand viðtakans.

### Fjarlægðir

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um í tillögunni um fjarlægðir sbr. reglugerð um eldihús alifugla, loðdýra og svína nr. 520/2015, varðandi fjarlægð íbúðarhúsa frá búi og 24. gr. og 941/2002 (sjá 6. gr. breytingarreglugerð nr. 578/2017).

### Áburður

Í greinargerð kemur einnig fram að skítur verður notaður sem áburðargjafi, eins og áður, en ber að huga vel að tímabundinni geymslu skíts, ef svo kemur til. Einnig segir að meðhöndlun á skít og dreifing verður skv. starfsreglum um góða búskaparhætti. Umhverfisstofnun bendir á að besta aðgengilega tækni (BAT) hefur verið skilgreind fyrir þauleldi alifugla og svína í BREF skýrslu (2017) og BAT-niðurstöður voru gefnar út 21. febrúar 2017. Umhverfisstofnun bendir á að í 8.gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirliti segir meðal annars: „Útgefandi starfsleyfis skal taka mið af BAT-niðurstöðum við útfærslu starfsleyfisskilyrða og jafnframt hafa hliðsjón af BAT-niðurstöðum sem eru í vinnslu.“

Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvert heildamagn hænsnaskíts er á ári sem verður nýttur sem áburður. Auk þess telur Umhverfisstofnun mikilvægt að það komi fram hvar honum verður dreift sem áburði, upplýsingar um samninga við þriðja aðila sem taka á móti hænsnaskít til dreifingar ef slíkir samningar liggja fyrir, hvort lyktarmengun á nærliggjandi svæði geti orðið þegar skítinum er dreift á tún og hvort að grunn – og yfirborðsvatn getur mengast við dreifingu.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur